

# Glermannvirki rís í Elliðaárdalnum

● Nýtt kennileiti á miðju höfuðborgarsvæðinu ● Verður fjölvirkur staður

Bergþóra Jónsdóttir  
bj@mbl.is

Borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fimmtudag að veita vilyrði fyrir byggingu gróðurhvelinga í jaðri Elliðaárdals norðan við Stekkjarbakka. Það er gert með fyrirvara um samþykki deiliskipulags. Mannvirkið er um það bil 1.500 fermetra bygging sem mun falla vel inn í þann þróunarreit sem fyrirhugaður er í Elliðaárdalnum að sögn Hjördisar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra fyrirtækisins Spors í sandinn ehf., sem er framkvæmdaraðili verkefnisins Biodome Reykjavík. Þetta verður nýtt kennileiti á miðju höfuðborgarsvæðinu í góðri tengingu við stærstu útivistarsvæði borgarinnar. Þetta svæði er upphaf hitaveitunnar í borginni, virkjunarmannvirki eru til staðar í dalnum og segir Hjördis því mörg tækifæri felast í staðsetningunni. Samspil þess og tenging við náttúruna gefi möguleika á skemmtilegum útfærslum. Auk þess muni starfsemi hjálpa til sem leið í nútímalegri fasteignaþróun. Deiliskipulagsferli taki nú við og draumurinn er



að hvelingarnar muni rísa innan tveggja ára að sögn Hjördisar.

**Fólk upplifir annan heim**

„Hugsunin okkar er að fólk geti komið til okkar og upplifað stemningu sumarsins allt árið um kring. Þetta verður fjölvirkur staður þar sem fram fer ræktun og sala á grænmeti og skyldri vöru, afþreying og upplifun sem nærir bæði sál og líkama og með ýmsum hætti hægt að

skynja náttúruna. Sem dæmi að stunda jóga undir tónlist sem plöntur framleiða, hvernig megi hlaða síma undir rótum plantna og ýmislegt áhugavert og frumlegt,“ segir Hjördis. Hugsunin sé ekki einungis að hafa þarna markaðstorg og ræktun heldur einnig að hafa ráðstefnusali og fundarrými af öllum stærðum í boði fyrir ýmis fyrirtæki og einstaklinga.

Hann mun því henta bæði sem afþreying og verslun fyrir gesti og

gangandi en einnig sem vinnurými og aðstaða fyrir atvinnumarkaðinn.

Markmiðið með staðnum sé að það skapist samfélag bæði þeirra sem standa að honum og þeirra sem sækja hann að sögn Hjördisar. „Við munum vera með sölutorg fyrir íslenska framleiðslu og munum leggja áherslu á lífræna ferska vöru og ræktun því við teljum mikla þörf á því að styðja við slíkt hér á landi,“ segir Hjördis.

## Myndbönd fyrir skólasamfélagið

SAMFOK, umboðsmaður barna og Heimili og skóli hafa látið gera myndbönd um skólaráð og nemendafélög í grunnskólum. Miklar breytingar urðu í lýðræðisátt á aðkomu nemande og foreldra að skólastarfinu með nýjum grunnskólalögum árið 2008 og er myndböndunum ætlað að skerpa á helstu atriðum, segir í tilkynningu.



Þau eru hugsuð fyrir aðila skólasamfélagsins og alla aðra sem koma að starfi og rekstri grunnskólanna. Um er að ræða hreyfimyndir sem fræða áhorfandann um helsta hlutverk og ábyrgð þeirra sem sitja í skólaráði og stjórnun nemendafélaga. Fræðslan er sett fram á aðgengilegan og einfaldan máta með léttu ívafi. Stefnt er að því að gera sams konar myndband fyrir foreldrafélög í grunnskólum á næsta ári.

Myndböndin eru unnin í samvinnu við hreyfimyndagerðina FREYJU, með stuðningi Reykjavíkurborgar.



Brynhildur Bergþórsdóttir  
rekstrarhagfræðingur,  
brynhildur@kontakt.is

Gunnar Svavarsón  
viðskiptafræðingur,  
gunnar@kontakt.is

Sigurður A. Þórðsson  
hæstaráttarlögmaður,  
sigurdur@kontakt.is

Guðni Halldórsson  
lögfræðingur,  
gudni@kontakt.is

Þórarinn Arnar Svavarsón  
fasteignaráðgjafi,  
thorarinn@kontakt.is

## SÉRFRÆÐINGAR Í FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

**Við teljum að eftirfarandi fyrirtæki geti verið fánleg:**

- Pizzastaður sem nýtur mjög mikillar velgengni og býður upp á fjölgun staða undir sama nafni. Kontakt telur að eigandi geti hugsað sér að gera það í samvinnu við meðfjárfesta.
- Vinsælt hótél á einstökum stað í nálægð við höfuðborgarsvæðið. Velta eins og um hótél í höfuðborginni sé að ræða.
- Kraum, einstök verslun með íslenska hönnun, fatnað og gjafavöru.
- Bakarí með nokkra útsölustaði á höfuðborgarsvæðinu. Gefur ýmsa möguleika til þróunar.
- Vefverslun sem hefur starfað um nokkurra ára skeið. Mánaðarleg velta 4 til 5 mkr., hagkvæm lagerstærð og góð framlegð. Öll vara send með Íslandspósti.
- Stöndug heildsöluverslun með sérhæfðar vörur fyrir byggingariðnaðinn í mjög góðu og stóru eigin húsnæði á besta stað í borginni. Velta 300 mkr. og afkoma góð.
- Öflugt og vel tækjum búið fyrirtæki sem sér um ræstingu atvinnuhúsnæðis.
- Bílaleiga með á annað hundrað bíla og fina aðstöðu. Sala mikil í gegn um eigin vefsíðu. Góð EBITDA.
- Matvöruverslun á Austurlandi. Löng og góð rekstrarsaga.
- Skemmtigarður fyrir barnaafmæli og veislur. Góð skemmtileg og fjölbreytt tæki fyrir krakka á öllum aldri. Löng rekstrarsaga.
- Gott hótél miðsvæðis á Suðurlandi sem býður upp á mikla möguleika fyrir áhugasaman, nýjan eiganda.

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

# KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200



Morgunblaðið/Ómar

Stykkishólmur Mikið líf er við höfnina alla daga og skipaumferð hefur aukist verulega undanfarin ár.

## Ný reiðskemma í Hólminum

### ÚR BÆJARLÍFINU

Gunnlaugur Auðunn Árnason  
Stykkishólmur



**Hesteigendafélag** Stykkishólms er að byggja 600 fermetra reiðskemmu úr límtre við hesthúsa-hverfið. Það stytist í að draumur hestamanna um að eignast bættu aðstöðu verði að veruleika. Með byggingunni batnar öll aðstaða félagsmanna mikið. Hægt verður að stunda reglulega hjálfun hesta yfir vetrartímann og stórefla barna- og unglingastarf. Stykkishólmsbær styrkir bygginguna um 12 milljónir og hestaeigendur fjármagna mismuninn. Þar reynir mjög á félagsmennina sjálfa við húsbýgginguna, en þeir eru 50 talsins. Nadine Walter, formaður félagsins, er stolt af sínum félögum og segir að sjálfbærni og mæti vel til starfa, sem eflir samstöðuna. Það er mikil tilhlokkun að geta komist í nýja og góða aðstöðu. Tvær samskonar reiðskemmur er verið að reisa á Snæfellsnesi, að Lýshóli og í Ólafsvík.

**Þjóðvegurinn** um Skógarströndina versnar með hverju ári sem líður og hefur ekki verið verri en í sumar. Astand hans er vaxandi slysgildra eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Umferð hefur aukist vegna fjölgunar ferðamanna. Vegurinn gegnir mikilvægu hlutverki að tengja saman Snæfellsnesið við Vestfirði og Norðurland. Vegurinn

stytir vegalengdina um 90 kílómetra í Búðardal og 60 km í Staðarskála. Bifreiðar sem aka Skógarströndina eru oftast auðþekkjanlegar þegar í Hólminn er komið. Sú þjónusta sem öllum þeirra nota fyrst er þvottaplan Olis og dekkjaverkstæðið. Eigandi verkstæðisins segir að ástand vegarins skapi honum vaxandi tekjur og að hann þurfi að gefa út afkomuvíðvörum ef farið verður í endurbætur á veginum.

**Það er góður gangur** í ferðaþjónustunni. Ferðamönnum hefur fjölgað mikið það sem af er árinu. Mest er fjölgun erlendra ferðamanna á allskyns bílaleigubílum. Gistírýmum hefur fjölgað í bænum, en ekki nóg til að anna eftirspurn. Áhrif ferðamannanna koma víða fram í bæjarfélaginu. Í sumar störfuðu sjö veitingastaðir og verða flestir þeirra opnir í vetur. Aðsókn að söfnum, sundlauginni og tjaldstæði hefur verið góð. Í sumar komu til Stykkishólms 14 skemmtiferðaskip og hefur ferðum þeirra fjölgað á síðustu árum. Nú telst það ekki lengur til tíðinda þó sjáist farþegaskip við hafnarkantinn.

**Rán ehf.** í eigu Kristjáns Berntssonar og Eydísar Jónsdóttur hefur fengið leyfi til að reisa 8 smáhýsi við tjaldstæðið í Hólminum. Um er að ræða 35 fermetra hús með 2 herbergjum og er undirbúningur að byggingu hafinn. Húsin verða til útleigu fyrir ferðamenn.

**Tilraunaveiðar** á hörpuskel eru hafnar þriðja árið í röð. Verið er að rannsaka betur ákveðin svæði og meta hvaða áhrif veiðarnar hafa á viðkvæman hörpudisksstofninn. Veiðum var sjálfhætt árið 2003 er skelstofninn hrundi vegna sýkingar. Heimilt er að veiða um 800 tonn á tímabilinu. Veiðar hafa gengið vel, fallleg skel sem hentar vel til vinnslu. Einn bátur stundar í fyrstu veiðarnar og er aflinn um 8-9 tonn á dag. Skelin er unnin hjá Agustson ehf.

**Miklar** byggingarframkvæmdir eru í bænum og meiri en hefur verið um langt árabil. Mikið er að gera hjá iðnaðarmönnum og vantar fólk til starfa. Það er verið að byggja íbúðarhús, leiguíbúðir og endurbýggja og viðhalda gömlum húsum. Til að fylgja eftir aukinni eftirspurn hefur bæjarstjórn opnað fyrir byggingar í nýju hverfi þar sem áður var bærinn Vík.

**Hafin er** stækkun við grunnskólann. Um er að ræða 500 fermetra menningarbyggingu sem mun hýsa starfsemi Amtsbókasafnsins, skólasafns og ýmsa menningarviðburði. Skipavík ehf. tók að sér verkefnið í alútbóði og skilar verkefninu eftir tæpt ár.

**Í Stykkishólmi** virðast vera hjartir tímar framundan. Það sem styrkir þá sýn er að íbúum hefur fjölgað um 3,7% frá áramótum og eru nú 1.147.